

## Hvað geta stofnanir gert til að vekja athygli á nýtnivikunni?

Evrópska Nýtnivikan er haldin í lok nóvember ár hvert og gengur út á það að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu, nýta hluti betur og draga úr myndun úrgangs. Það er ýmislegt hægt að gera í tilefni hennar, en hér eru nokkur dæmi sem hægt er að útfæra fyrir sinn vinnustað.

- Fara í **flokkunarkeppni** milli hæða/teyma/deilda/starfsstöðva
  - T.d. er hægt að mæla út frá magni úrgangs í almennu tunnunum, hvar er minnst af almennum úrgangi eftir vikuna?
- Stofnunin getur sett sér **markmið um hærra endurvinnsluhlutfall** í mánuðinum.
  - Fá ið upplýsingar frá sorphirðunni ykkar um hver staðan er núna og setjið markmið um hærra hlutfall sem þið kynnið og vinnið að í Nýtnivikunni (og áfram eftir að henni lýkur) .
- **Fá fyrirlestur** um flokkun frá ykkar sorphirðuþjónustu.
- Senda út **fróðleiksmola í tölvupósti** einu sinni eða oftár í vikunni um hvernig draga má úr neyslu og koma í veg fyrir myndun úrgangs. Sjá t.d. [hér](#) og [hér](#).
  - Einnig heldur Umhverfisstofnun utan um allskyns [tölfræði tengda úrgangi á Íslandi](#) sem fróðlegt er að kynna sér og miðla áfram til starfsmanna.
- Senda út upplýsingar í tölvupósti einu sinni eða oftár í vikunni um hvernig staðið er að flokkun innanhúss hjá ykkur.
  - Getið t.d. tekið fyrir ákveðið þema á hverjum degi og hvaða úrgangur á heima í hvaða tunnu. Dæmi: plast tekið fyrir á mánudegi, málmur á þriðjudegi o.s.frv.
  - Hvar eru flokkunartunnur staðsettar innanhúss og hvað á að fara í hverja tunnu?
- Setja upp **skiptimarkað**.
  - Það er sniðugt að setja upp t.d. fataslá og borð á fjölförnum stað og hafa uppi yfir vikuna þar sem starfsfólk getur losað sig við föt og ýmsa muni og fundið ýmsar gersemar frá öðrum í staðinn.
  - Það er hægt að hafa skiptimarkað fyrir næstum hvað sem er, en hér eru nokkur dæmi: Föt og skór, bækur, jólasbraut, skógjafir, húsmunir, plöntur og afleggjarar, grímubúningar, uppskriftir.
  - Sniðugt tækifæri fyrir jólasveina stofnunarinnar til að skiptast á dóti í skóinn 😊
- **Mæla matarsóun** hjá ykkur alla vikuna, vera með fræðslu um matarsóun og hvernig er hægt að draga úr henni og mæla svo aftur í heila viku eftir einhvern tíma. Varð einhver breyting á? Í [vinnugögnum](#) Grænna skrefa er að finna *Matarsóun - leiðbeiningar um skráningu*
- Er árshátíð eða starfsmannapartý á döfinni? Hvernig væri að hvetja starfsmenn til að mæta kaupa ekki nýtt dress af því tilefni **heldur fá lánað, nota gömul föt eða finna dress á nytjamarkaði?**
  - Er einhver starfsmaður sem hugar að minni sóun í leik og starfi sem gæti deilt reynslu sinni og veitt góð ráð t.d. á hádegisfyrirlestri?
- Halda **þemadag**, þar sem starfsfólk er hvatt til að mæta í t.d. elstu flíkinni sinni.
- Notaðu myndunaraflíð!